

BORGARRÁÐ 24. nóvember 2016: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjármögnun umbótaáætlunar í skólamálum - R16110141

Fyrir liggur eftir umræður síðustu daga að breytinga er þörf í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Meðal annars hefur borgarstjóri vísað í að nauðsynlegt sé að vinna heildstæða umbótaáætlun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að afar mikilvægt sé að hefja slíka vinnu með einhverjum hætti sem fyrst. Einnig virðist augljóst að slíkri vinnu þarf að fylgja fjármagn. Önnur sveitarfélög, meðal annars Garðabær, hafa sum hver gripið til þess bragðs að styrkja slíka vinnu með sérstöku fjármagni ætlað til starfsþróunar og hefur það gefið góða raun. Því er spurt, hefur verið gert ráð fyrir slíku fjármagni eða fjármagni sem með einhverjum hætti er beinlínis eynamerkt slíkri þróun sem nauðsynlegt virðist að fara þarf að vinna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og næstu ár.